

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, þriðjudaginn 10. febrúar 2015, í máli nr. E-1930/2014:

Aníta Rut Guðjónsdóttir

(Bergrún Elín Benediktsdóttir hdl.)

gegn

Tryggingamiðstöðinni hf.

(Valgeir Pálsson hrl.)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 16. desember 2014, er höfðað af Anítu Rut Guðjónsdóttur, kt. [...], Þinghólsbraut 45, Kópavogi, á hendur Tryggingamiðstöð inni hf., kt. [...], Síðumúla 24, Reykjavík, til heimtu skaðabóta, auk dráttarvaxta, málskostnaðar og virðisaukaskatts.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi greiði henni 6.052.951 krónu með 4,5% vöxtum, samkvæmt 16. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993, frá 20. janúar 2012 til 13. október 2012 en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags, allt að fráðreginni greiðslu stefnda, 8. október 2012, að fjárhæð 3.126.977 krónur.

Stefnandi krefst þess til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða henni 4.049.858 krónur með 4,5% vöxtum, samkvæmt 16. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993, frá 20. janúar 2012 til 16. nóvember 2012 en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags, allt að fráðreginni greiðslu stefnda, 8. október 2012, að fjárhæð 3.126.977 krónur.

Stefnandi krefst þess í báðum tilvikum að stefndi greiði henni málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar, sér að skaðlausu, úr hendi hennar.

Til vara krefst stefndi verulegrar lækkunar á fjárkröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Verði bætur að einhverju leyti dæmdar krefst stefnandi þess að þær beri 4,5% ársvexti frá 20. janúar 2012 til endanlegs dómsuppsögudags, en beri dráttar vexti, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Málsatvik

Stefnandi ók bifreiðinni OJ-144 vestur Miklubraut í Reykjavík, 20. júlí 2011. Þar sem bifreiðin var kyrrstæð í röð bifreiða, til móts við Klambratún, var bifreiðinni UV-951 ekið aftan á bifreið stefnanda. Sú kastaðist við það áfram og hafnaði aftan á þeirri sem stóð fyrir framan hana. Bifreiðin UV-951 var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiða hjá stefnda á slysdegi. Stefnandi leitaði á slysa deild Landspítala - háskólasjúkrahúss samdægurs. Hún hlaut meðal annars höfuðhögg í slysinu og tognunaráverka á hryggsúlu.

Stefnandi og stefndi stóðu sameiginlega að því að óska mats Guðmundar Björnssonar læknis og Sigurðar R. Arnalds lögmanns á afleiðingum slyssins fyrir stefnanda. Í matsgerð sinni, dags. 8. september 2012, mátu þeir varanlegan miska stefnanda 7 stig og varanlega örorku hennar af völdum slyssins 7%. Þeir töldu jafnframt að sex mánuðum eftir slysið, 20. janúar 2012, hefði heilsufar stefnanda af völdum þess verið orðið stöðugt, heilsa hennar hefði náð stöðugleikapunkti (batahvörfum).

Þegar stefnandi slasaðist stundaði hún nám í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri og hafði þá lokið 126 ECTS-einingum, það er 52,50% af þeim 240 einingum sem þarf til að ljúka námi í því fagi við skólann.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda bótakröfu, 13. september 2012, sem byggðist á fyrirliggjandi matsgerð. Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku tók lögmaður hennar mið af launatöflu Útgarðs, félags háskólamanna, sem mun gilda fyrir hjúkrunarfræðinga á almennum vinnumarkaði árið 2012, þar sem hann taldi laun stefnanda næstliðin þrjú ár fyrir slysið ekki gefa rétta mynd af framtíðartekjum hennar, sbr. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi hafi verið komin langt með nám í hjúkrunarfræði í Háskólanum á Akureyri á slysdegi og námslok fyrirséð.

Stefndi féllst ekki á bótakröfu stefnanda og færði rök fyrir afstöðu sinni í tölvuskeyti til lögmanns hennar, 8. október 2012. Stefndi taldi, þegar litið væri til þess að stefnandi hefði á slysdegi einungis lokið rétt liðlega helmingi námsins og námslok hafi því að mati stefnda ekki verið fyrirsjáanleg, ekki unnt að leggja til grundvallar við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku þær tekjur sem krafa stefnanda byggðist á. Stefndi taldi ekki skilyrði til annars en miða við lágmarkslaun skv. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 6. gr. laga nr. 37/1999 um breytingu á þeim, en við batahvörf í janúar 2012 hafi þau numið 2.776.000 krónum. Samkvæmt þessum forsendum næmu bæturnar 3.795.057 krónum.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda að nýju bótakröfu 16. október 2012, en við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku í þeirri kröfu var tekið mið af árslaunum stefnanda árið 2008, ásamt 8% lífeyrissjóðsframlagi. Vísað var til þess að tekjuárin 2009 og 2010 hefði stefnandi verið í námi. Með tölvupósti, 19. október 2012, synjaði stefndi framangreindri bótakröfu, þar sem hann taldi ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, ekki taka til aðstöðu stefnanda. Með tölvuskeyti, 22. október 2012, benti lögmaður stefnanda stefnda á að viðmiðunartekjuár í bótakröfunni, væru 2008, 2009 og 2010. Stefnandi hafi verið í fullri vinnu árið 2008 og allt fram á haustið 2009 þegar hún hafi hafið hjúkrunarnámið. Af þeim sökum væri ekki hægt að fallast á að lágmarkslaun gæfu rétta mynd af líklegum framtíðartekjum stefnanda. Stefnandi hafi, á slysdegi, lokið helmingi náms í hjúkrun, námi sem hún væri að ljúka. Áður hefði hún meðal annars starfað við umönnun og hefði því tekjusögu á viðmiðunarárunum. Þess var óskað að stefndi endurskoðaði afstöðu sína og tæki mið af launum stefnanda árið 2008 við útreikning bóta fyrir varanlega örorku. Með tölvupósti, 23. október 2012, tilkynnti stefndi að hann féllist ekki á framangreinda kröfu stefnanda, einkum vegna þess að það væri mat hans að 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 tæki ekki til þeirra sem tækju sér fri frá námi og færu út á vinnumarkað í 2-3 ár milli menntaskóla og háskóla. Stefndi taldi ekki eðlismun á annars vegar þeim einstaklingum og hins vegar þeim sem færu beint í háskólanám.

Þar sem ekki náðist samstaða um bótauppgjórið fékk stefnandi greiddar bætur vegna afleiðinga slyssins úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar UV-951 hjá stefnda, samkvæmt upphaflegu bótatilboði stefnda, 8. október 2012:

Varanlegur miski skv. 4 gr. lögum nr. 50/1993 (9.544.000 x 7%)	668.080 kr.
Vextir á varanlegan miska skv. 16. gr. (4,5%)	37.035 kr.
Varanleg örorka skv. 3. mgr. 7. gr. (2.776.500 x 16,089 x 7%)	3.126.977 kr.
Vextir á varanlega örorku skv. 16. gr. (4,5%)	101.006 kr.
Samtala varanlegrar örorku og vaxta	3.227.983 kr.
Heildarsamtala miska- og örorkubóta og vaxta	3.933.098 kr.
Innheimtubóknun ásamt virðisaukaskatti	<u>327.327 kr.</u>
Heildarsamtala greiðslu stefnda	<u>4.260.425 kr.</u>

Stefnandi var ekki sátt við uppgjörið og var málið því gert upp með fyrirvara við alla þætti þess, þar með talið árslaunaviðmið. Vegna þessarar afstöðu stefnda til viðmiðs árslauna framtíðartekna stefnanda óskaði hún eftir gjafsóknarleyfi og var beiðni hennar samþykkt 31. maí 2013. Málið var höfðað ári síðar með stefnu birtri 20. maí 2014.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að stefnda beri að greiða henni fullar bætur vegna afleiðinga umferðarslyssins 20. júlí 2011, sbr. I. kafla skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, einkum 1. og 5. gr. þeirra, og í samræmi við meginreglur skaðabótaréttar. Stefnandi hafi ekið bifreið nr. OJ-144, sem ökumaður bifreiðar nr. UV-951 ók aftan á. Það hafi leitt til þess að bifreið stefnanda hafnaði aftan á bifreið nr. PY-942. Ökumaður bifreiðar nr. UV-951 beri fulla bótaábyrgð á umferðarslysinu og sé bótaskyldan óumdeild. Í 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segi að sá sem beri ábyrgð á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skuli bæta það tjón sem hljótist af notkun þess, enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Í 1. mgr. 90. gr. laganna segi að skráður eða skráningarskyldur eigandi vélknúins ökutækis beri ábyrgð á því og sé fébótaskyldur skv. 88. og 89. gr. laganna. Í 1. mgr. 91. gr. laganna segi að greiðsla bótakröfu vegna tjóns, sem hljótist af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis, skuli vera tryggð með ábyrgðartryggingu hjá váttryggingafélagi sem hafi starfsleyfi til að taka að sér ábyrgðartryggingu vélknúinna ökutækja. Samkvæmt 95. gr. umferðarlaga sé váttryggingafélag greiðsluskylt gagnvart tjónþola vegna bótakrafna, skv. 1. mgr. 91. gr. Samkvæmt 1. mgr. 97. gr. umferðarlaga skuli mál til heimtu bóta gegn þeim sem sé bótaskyldur samkvæmt 90. gr. laganna jafnframt höfða gegn því váttryggingafélagi sem hafi váttryggt ökutækið.

Bifreið nr. UV-951 hafi verið váttryggt hjá stefnda á slysdegi en Reginn Hólm Ketilsson, hafi keypt váttrygginguna. Hinu stefnda tryggingarfélagi sé einu stefnt á grundvelli 1. mgr. 97. gr. umferðarlaga enda félagið greiðsluskylt vegna tryggingarinnar, sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga.

Stefnandi áréttar að ágreiningur málsaðila lúti einungis að því hvaða árslaun skuli leggja til grundvallar við útreikning bóta fyrir þá 7% varanlegu örorku er stefnandi hlaut í umræddu slysi, auk vaxta af þeirri fjárhæð og greiðslu dráttarvaxta. Það sé ágreiningslaust að tjón stefnanda sé bótaskylt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis nr. UV-951, en stefndi hafi nú þegar greitt stefnanda hluta bótanna úr tryggingunni. Ágreiningur aðila lúti nánar tiltekið að því hvort bætur fyrir varanlega örorku stefnanda skuli miðaðar við lágmarksalaun, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, eða hvort árslaun skuli metin sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laganna þar sem aðstæður stefnanda hafi verið óvenjulegar og annar mælikvarði þannig réttari á líklegar framtíðartekjur hennar.

Eins og segi í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 sé heimildin til að víkja frá þeirri meginreglu, að leggja tekjur síðastliðinna þriggja ára til grundvallar ákvörðun bóta, byggð á því að sá mælikvarði endurspegli ekki líklegar framtíðartekjur tjónþola. Þetta sé í samræmi við það meginmarkmið skaðabótalaga að tryggja tjónþola fullar bætur fyrir raunverulegt tjón sitt, að bætur verði hvorki hærri né lægri en tjóninu nemi. Stefnandi telji rétt að ákvarða árslaun hennar á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laganna, en hún byggi á því að beiting 3. mgr. ákvæðisins, sem stefndi hafi lagt til grundvallar við uppgjörið, gefi ekki rétta og raunhæfa mynd af áætluðum framtíðartekjum hennar og að hún fái þannig ekki raunverulegt tjón sitt bætt.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. séu tvö skilyrði fyrir því að árslaun við útreikning bóta fyrir varanlega örorku verði ákveðin sérstaklega. Annars vegar að aðstæður hafi verið óvenjulegar og hins vegar að þær aðstæður leiði til þess að annar mæli kvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola en meðalatvinnutekjur síðustu þriggja almanaksára fyrir slys, sbr. 1. mgr. 7. gr., eða lágmarkslaun, sbr. 3. mgr. 7. gr. laganna.

Til stuðnings þeirri málsástæðu sinni að beita beri 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 vísar stefnandi fyrst til þess að í athugasemdum við 6. gr. frumvarps til laga nr. 37/1999, sem breyttu 7. gr. laga nr. 50/1993, segi að 2. mgr. sé rýmkuð þannig að mati verði beitt í þeim tilvikum þegar viðmiðun við síðustu þrjú tekjuár fyrir slys þyki af einhverjum ástæðum ekki réttmæt.

Stefnandi byggi á því að það sé röng niðurstaða hjá stefnda að miða útreikning bóta fyrir varanlega örorku við lágmarkslaun. Stefnandi byggi aðallega á því að námslok hennar í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri hafi sannanlega verið fyrirséð á slysdegi. Ljúka þurfi samkeppnisprófum til þess að öðlast rétt til náms í hjúkrunarfræðideild þess háskóla. Stefnandi byggi á því að brottfall úr hjúkrun sé afar lítið hafi nemandi staðist samkeppnisprófin, einungis 5%. Óumdeilt sé að hún hafi lokið 52,5% námsins á slysdegi og hafi hún því lokið meira en helmingi af fjögurra ára námi. Stefnandi hafi útskrifast sem hjúkrunarfræðingur í júní 2013 og starfi nú við hjúkrun á kvenlækningadeild LSH. Hún stefni auk þess á kandídatnámi í ljósmóðurfræði. Stefnandi byggi á því að námslok hennar hafi því sannanlega verið fyrirsjáanleg, í samræmi við þann skilning sem lagður hafi verið í 2. mgr. 7. gr. laganna í réttarframkvæmd hingað til.

Stefnandi byggi á því að við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku beri að miða við meðaltekjur hjúkrunarfræðinga. Þá beri að líta til þess að í matsgerð hafi við mat á varanlegri örorku verið miðað við að í framtíðinni myndi stefnandi starfa sem hjúkrunarfræðingur. Stefnandi telji því að annar mælikvarði en lágmarkslaun sé réttari varðandi líklegar framtíðartekjur hennar. Sá mælikvarði eigi að miðast við þá menntun sem hún hafi verið langt komin með að afla sér á slysdegi.

Stefnandi telji aðallega að miða beri árslaun hennar við 5.713.286 krónur en við útreikninginn sé stuðst við launatöflu hjúkrunarfræðinga á almennum vinnu markaði, sem gildi frá 1. mars 2012, að viðbættu 8% framlagi í lífeyrissjóð. Sú fjárhæð hafi verið lögð til grundvallar upphaflegri kröfu til stefnda.

Stefnandi byggir á því að verulega ósanngjarnt sé að miða ekki við árslauð hjúkrunarfræðinga í hennar tilvikum. Afar ólíklegt verði að teljast að nemandi hætti skyndilega námi eftir að hafa þreytt og staðist samkeppnispróf til þess að fá að hefja námið og eftir að hafa lagt meira en helming þess að baki. Stefnandi byggir á því að einungis 5% nemenda í hjúkrunarfræði hætti þrátt fyrir að hafa staðist samkeppnispróf en brottfall úr háskólum almennt sé mun hærra. Árið 2002-2003 hafi brottfall nemenda af háskólastigi á Íslandi verið 14,7%. Brottfall nemenda hafi verið hlutfallslega jafnmikið fimm árum áður, þrátt fyrir mikla fjölgun nemenda. Auk þess hafi stefnandi nú lokið náminu. Verulega ósanngjarnt sé að nemandi sem hafi verið kominn svona langt í námi sínu, og hafi staðist samkeppnispróf til að fá inngöngu í námið, skuli fá greiddar bætur fyrir varanlega örorku á grundvelli lágmarkslauna skaðabótalaga, í stað meðallauna í því starfi sem stefnandi hafi verið langt kominn með að mennta sig til að sinna.

Eins og áður segi starfi stefnandi nú sem hjúkrunarfræðingur og hyggist gera það áfram og telji því fyrrgreind árslauð gefa réttustu mynd af líklegum fram tíðartekjum sínum.

Verði ekki fallist á að miða við meðallaun samkvæmt aðalkröfu krefjist stefnandi þess til vara að miðað verði við árslauð hennar árið 2008, að fjárhæð 3.595.943 krónur en við þann útreikning sé miðað við upplýsingar úr skattframtali stefnanda fyrir tekjuárið 2008, uppreiknuð fram að batahvörfum, 20. janúar 2012, að viðbættu 8% lífeyrissjóðsframlagi. Stefnandi hafi lokið námi í menntaskóla á þremur og hálfu ári og útskrifast sem stúdent um jólin 2007. Eftir það hafi hún tekið sér frí frá skóla í eitt og hálft ár. Frá útskrift hafi stefnandi starfað sem stuðningsfulltrúi í fullu starfi, fram að sumrinu 2008 þegar hún hóf störf við afgreiðslu hjá Olís á Húsavík. Frá hausti 2008 og fram að hausti 2009, þegar hún hóf nám í hjúkrun, hafi hún starfað við aðhlyningu á hjúkrunarheimili á Húsavík. Stefnandi hafi því tekjusögu á viðmiðunarárunum þ.e. árin 2008, 2009 og einnig 2010.

Með vísan til framangreinds telur stefnandi að skilyrði 2. mgr. 7. gr. séu upp fyllt og því beri að ákvarða árslauð hennar sérstaklega en ekki miða við lágmarks laun skv. 3. mgr. 7. gr. laganna eins og stefndi telji rétt, þar sem það leiði ekki til þess að hún muni fá tjón sitt bætt að fullu.

Dómkröfur stefnanda byggist á því að stefnda beri að greiða henni fullar skaðabætur og þær skuli taka mið af matsgerð Guðmundar Björnssonar lækni og Sigurðar R. Arnalds hrl., þar sem fram komi að varanleg örorka stefnanda sé 7% og varanlegur miski 7 stig. Málsaðilar deili eingöngu um forsendur útreiknings bóta fyrir varanlega örorku og því sé eingöngu krafist bóta fyrir varanlega örorku í aðal- og varakröfu stefnanda. Í bæði aðalkröfu og varakröfu sé dregin frá bótagreiðsla stefnda, fyrir varanlega örorku, samkvæmt uppgjörstillögu stefnda sem var undir rituð 31. október 2012. Við uppgjórið hafi, að kröfu stefnda, verið tekið mið af lágmarkslaunaviðmiði skaðabótalaga, sbr. 3. mgr. 7. gr., en lögmaður stefnanda hafi samþykkt bótatilboðið meðal annars með fyrirvara við mat á varanlegum

afleiðingum slyssins og árslaunaviðmið við útreikning á bótum fyrir varanlega örorku. Aðalkrafa stefnanda reiknist svona:

Varanleg örorka skv. 5.-8. gr. laga nr. 50/1993	6.434.474 kr.
5.713.286 kr. * 16,089 * 7%	
Samtals	<u>6.434.474 kr.</u>

Við útreikning bóta fyrir varanlega örorku hafi verið tekið mið af launatöflu hjúkrunarfræðinga á almennum vinnumarkaði árið 2012, að viðbættu 8% framlagi í lífeyrissjóð en stefnandi hafi á slysdegi lokið 126 einingum af 240 (52,5%) í námi sínu í hjúkrunarfræði.

Stefnandi krefjist greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 6.434.474 krónum frá 20. janúar 2012 til 13. október 2012, þegar mánudur var liðinn frá því að krafa stefnanda var send stefnda 13. september 2012, en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags. Varakrafa stefnanda reiknist þannig:

Varanleg örorka skv. 5.-8. gr. laga nr. 50/1993	4.049.858 kr.
3.595.943 kr. * 16,089 * 7%	
Samtals	<u>4.049.858 kr.</u>

Við útreikning varanlegrar örorku sé tekið mið af launum stefnanda árið 2008, uppreiknuðum fram að stöðugleikapunkti, 20. janúar 2012, að viðbættu 8% framlagi í lífeyrissjóð, en stefnandi hafi verið í námi í hjúkrunarfræði árin 2009 og 2010.

Stefnandi krefjist greiðslu 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 af 4.049.858 krónum frá 20. janúar 2012 til 16. nóvember 2012, þegar mánudur var liðinn frá því að krafa stefnanda var send stefnda 16. október 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Í bæði aðalkröfu og varakröfu krefjist stefnandi málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi og virðisaukaskatts á málflutningsþóknun, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyld. Þar sem lögmönnum sé gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni sé stefnanda nauðsynlegt að fá dóm fyrir þessum skatti úr hendi stefnda.

Stefnandi vísar til ákvæða skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, einkum 1., 5., 7. og 16. gr. laganna, sbr. lög nr. 42/1996 og 37/1999. Kröfu um greiðslu mótfamlags í lífeyrissjóð styður stefnandi við ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda o.fl. Aðild stefnda styðst við III. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, einkum 44. gr. þeirra. Val á varnarþingi byggir stefnandi á ákvæðum V. kafla laga nr. 91/1991, einkum 33. gr. Hann vísar einnig til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Kröfu sína um málskostnað styður stefnandi við 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað byggist á ákvæðum laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi tekur fyrst fram að það sé ágreiningslaust að hann beri ábyrgð á því líkamstjóni sem stefnandi hlaut í árekstrinum 20. júlí 2011, skv. 91. gr. og 1. mgr. 95. gr., sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Jafnframt sé ekki heldur ágreiningur um það að einungis stefnda sé stefnt í þessu máli, sbr. einkum 1. og 3. mgr. 44. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Málsaðilar deili einvörðungu um það hvaða árslaun beri að leggja til grundvallar við ákvörðun bóta stefnanda fyrir varanlega örorku.

Aðalkrafa stefnanda um bætur fyrir varanlega örorku nemi 6.434.474 krónum, en við útreikning kröfunnar sé miðað við árslaun að fjárhæð 5.713.286 krónur sem stefnandi segi taka mið af launatöflu hjúkrunarfræðinga á almennum vinnumarkaði að viðbættu 8% framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs. Stefnandi telji kröfuna eiga sér stoð í 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Í 1. mgr. 7. gr. laganna sé mælt fyrir um það hvað skuli að meginreglu teljast til árslauna við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku. Samkvæmt 2. mgr. sé á hinn bóginn heimilt að víkja frá meginreglunni og skuli árslaun metin sérstaklega séu aðstæður tjónþola óvenjulegar og ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur hans. Til þess að ákvæðinu verði beitt þurfi tjónþoli að sýna fram á að skilyrðum þess sé fullnægt, þ.e. að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi, að annar mælikvarði á líklegar framtíðartekjur tjónþola sé réttari en sá sem mælt sé fyrir um í 1. mgr. og loks í þriðja lagi hver sá mælikvarði skuli vera.

Að sögn stefnanda hafi hún lokið stúdentsprófi um jólin 2007 og eftir það tekið sér frí frá námi í um eitt og hálf ár uns hún hóf háskólanám sitt í hjúkrunarfræði haustið 2009. Hún hafi svo verið við námið í tvo vetur (2009-2010 og 2010-2011) og verið í sumarvinnu á hjúkrunarheimili er hún slasaðist. Hún hafi þá átt aðra tvo vetur eftir í náminu og átt eftir að ljúka á þeim tíma 114 ECTS-einingum sem eftir voru af þeim 240 einingum sem þarf til að ljúka grunnnámi í hjúkrunarfræði. Aðstæður stefnanda hafi því í alla staði verið venjulegar og ekki á neinn hátt frábrugðnar aðstæðum annarra sem stundi háskólanám. Þessu breyti ekki

Þótt stefnandi hafi gert hlé á námi í eitt og hálf ár eftir stúdentspróf, enda ekkert í gögnum málsins sem bendi til þess að hún hafi ætlað út á vinnumarkaðinn til frambúðar en síðan snúist hugur og hafið nám að nýju.

Eins og staða stefnanda hafi verið í náminu á slysdegi hafi námslok þá ekki verið fyrirsjáanleg. Ekki verði séð að námslok stefnanda hafi verið fyrirsjáanleg á fyrrgreindum tíma þótt fram hafi komið í skýrslu, sem unnin var af Hagfræði stofnun fyrir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið á árunum 2004-2006, að brottfall nema í hjúkrunarfræði væri um 5%. Ekki skipti heldur máli í þessu sambandi þótt stefnandi hafi lokið námi sínu tæpum tveimur árum eftir slysið.

Í ljósi þess sem að framan greini sé allsendis ósannað að skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótaganna um óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi í tilviki stefnanda.

Af þeirri töflu sem stefnandi segist byggja aðalkröfu sína á verði ekki með neinu móti séð hvernig þau mánaðarlaun, sem hún dragi þar út, tengist launum hjúkrunarfræðinga. Því sé ósannað að þetta sé sá mælikvarði sem rétt sé að leggja til grundvallar við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku stefnanda. Þar með sé ekki heldur fullnægt því skilyrði 2. mgr. 7. gr. að sýnt sé fram á réttan mælikvarða á framtíðartekjur stefnanda. Ákvæðum 2. mgr. 7. gr. skaðabótaganna verði því ekki beitt þegar árslaun séu metin við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku hennar.

Þar sem stefnandi hafi verið í námi á slysdegi og því nýtt vinnugetu sína að verulegu leyti þannig að hún hafi haft takmarkaðar vinnutekjur, sbr. 8. gr. skaðabóta laganna, beri í samræmi við dómafordæmi að miða árslaun hennar við þau lág markslaun sem tilgreind séu í 3. mgr. 7. gr. laganna, eða 1.200.000 krónur. Þessi árs laun nemi 2.776.500 krónum, þegar þau hafi verið leiðrétt samkvæmt lánskjaravísitölu frá gildistöku laganna til þess tíma er heilsufar stefnanda var orðið stöðugt, eða til janúar 2012, sbr. 15. gr. laganna. Ekki sé deilt um það að stuðull við útreikning bótanna, sbr. 6. gr. laganna, skuli vera 16,089. Tjón stefnanda vegna varanlegrar örorku nemi því $(2.766.500 \times 16,089 \times 7\%)$ 3.126.977 krónum og þá fjárhæð hafi stefndi greitt stefnanda auk bóta fyrir varanlegan miska, vaxta og innheimtuþóknunar að meðtöldum virðisaukaskatti. Með þessum bótum hafi stefnandi fengið tjón sitt að fullu bætt lögum samkvæmt. Þar sem það sé ósannað að stefnandi eigi rétt til frekari bóta fyrir varanlega örorku en hún hafi þegar fengið greiddar verði ekki hjá því komist að sýkna stefnda af kröfum hennar. Aðalkrafa stefnda sé reist á því.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda krefst hann þess til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Varakrafan byggist á því að krafa stefnanda um bætur fyrir varanlega örorku sé of há. Jafnvel þótt fallist yrði á að miða bæri við önnur árslaun, við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku en gert hafi verið við uppgjórið í október 2012, sé engu að síður ósannað með öllu að þau viðmiðunarlaun sem stefnandi byggir kröfu sína á séu réttur mælikvarði á þau laun sem hún hefði haft að loknu námi.

Þá beri að gæta þess að við uppgjör bóta, 8. október 2012, hafi stefndi greitt stefnda 101.006 krónur í vexti af bótum fyrir varanlega örorku eins og nánar greini

í bótatilboði félagsins frá sama degi. Þessa vexti beri að draga frá þeim bótum sem stefnanda kunni að verða tildæmdar, auk höfuðstóls bóta fyrir varanlega örorku eins og stefnandi geri ráð fyrir í dómkröfum sínum. Að öðrum kosti, miðað við vaxtakröfu sína, fengi stefnandi tvígreidda vexti sem nemi fyrrgreindri vaxtafjárhæð fyrir tímabilið 20. janúar 2012 til 8. október 2012. Því eigi að koma til frádráttar tildæmdum bótum (3.126.977 + 101.006) 3.227.983 krónur 8. október 2012.

Stefndi mótmælir varakröfu stefnanda eindregið þar sem hún hafi ekki laga stöð fremur en aðalkrafa hennar. Þótt hún hafi gert hlé á námi sínu að loknu stúdentsprófi, eins og fyrr geti, og verið á vinnumarkaði árið 2008 og fram á mitt ár 2009 hafi hún alls ekki skapað sér tekjusögu þannig að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi í júlí 2011 þegar hún slasaðist.

Stefndi áréttar að hann telji að ekki hafi verið lögð fram fullnægjandi sönnunargögn um þær viðmiðunartekjur sem stefnandi byggir á í aðalkröfu sinni. Við svo búið sé ekki unnt að taka kröfuna til greina. Því séu ekki skilyrði til að dæma dráttarvexti fyrr en frá dómsuppsögudegi ellegar einum mánuði eftir að fullnægjandi sönnunargögn hafi verið lögð fram, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Málkostnaðarkröfur stefnda, bæði í aðalkröfu og varakröfu, eru reistar á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Stefnandi, Aníta Rut Guðjónsdóttir, slasaðist 20. júlí 2011 þegar bifreið sem var tryggð hjá stefnda, Tryggingamiðstöðinni, ók aftan á kyrrstæða bifreið sem stefnandi sat í en sú bifreið kastaðist á næstu bifreið framan við hana í röðinni. Við þennan árekstur tagnaði stefnandi á hryggsúlu. Stefnandi og stefndi stóðu sameiginlega að mati á afleiðingum slyssins og mátu lækni og lögmaður miska hennar til 7 stiga en varanlega örorku 7%.

Það er óumdeilt að stefndi beri ábyrgð á því tjóni sem stefnandi varð fyrir svo og að fullnægjandi sé að stefna honum einum. Stefnandi og stefndi deila um það eitt hvort stefnda beri að greiða stefnanda árslaun út frá viðmiði 2. eða 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. er það meginreglan, við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku, að meðalatvinnutekjur tjónþola, að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs, þrjú síðustu almanaksár fyrir slysdag séu lagðar til grundvallar árs

launaviðmiði. Hafi tjónþoli ekki haft fastar tekjur næstliðin þrjú ár fyrir slysdag kann þetta viðmið fyrir framtíðartekjur hans að reynast óeðlilegt. Komið er til mótis við þær aðstæður í 2. mgr. 7. gr. en samkvæmt því ákvæði er skylt að meta árslau sérstaklega séu aðstæður tjónþola óvenjulegar og ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur hans en þær tekjur sem hann hafði síðustu þrjú ár fyrir slysdag.

Stefnandi slasaðist 20. júlí 2011. Hún útskrifaðist úr menntaskóla í desember 2007. Samkvæmt skattframtali starfaði hún við fjölbreytileg störf árið 2008 og fékk laun frá fjórum vinnuveitendum, þar á meðal á Hvammi, heimili aldraðra. Árið 2009 stöfuðu tekjur hennar mestmegnis af umönnun á sama stað. Haustið 2009 hóf hún nám í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri og hafði, þegar slysið varð, lokið tveimur námsárum, 126 einingum, eða 52,5% af þeim 240 einingum sem þarf til að ljúka því námi. Að mati dómsins eru þessar aðstæður ekki sambærilegar þeim sem gengið er út frá í 1. mgr. 7. gr., annars vegar þar sem hún vann hjá mörgum vinnuveitendum árið 2008 við gerólík störf en það eru ekki aðstæður sem allur almenningur býr við og var hins vegar við nám næstu tvö ár en aflaði sér tekna með námi. Þessar óvenjulegu aðstæður valda því að þær tekjur sem hún aflaði sér á þremur síðustu árum fyrir slysdag þykja alls ekki réttur mælikvarði á framtíðartekjur hennar.

Þegar viðmiði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 sleppir stendur valið milli 2. eða 3. mgr. 7. gr. Stefndi telur síðastnefnda viðmiðið, lágmarkslaun, eiga við um aðstæður stefnanda. Þar sem hún hafi einungis lokið helmingi náms síns hafi námslok hennar ekki verið fyrirsjáanleg. Á slysdegi hafi hún því verið í svipaðri stöðu og menntaskólanemi eða háskólanemi sem legði ekki stund á starfsnám.

Stefnandi byggir á því að námslok hennar hafi verið fyrirsjáanleg þótt hún hafi einungis lokið helmingi námstímans þar sem rannsóknir sýni að aðeins örfáir af þeim, sem hefji námið, hverfi frá námi. Hún hafi unnið við umönnun þegar hún hóf námið og hafi sinnt umönnunarstörfum á námstímanum. Jafnframt hafi stefnandi lokið námi á tilsettum tíma og hafi frá útskrift starfað sem hjúkrunarfræðingur. Allt þetta sýni að hún hafi, þegar á slysdegi, ákveðið starfsvettvang sinn og námslok hennar hafi því verið fyrirsjáanleg.

Ásamt stefnanda gáfu skýrslu fyrir dómi Ingibjörg Smáradóttir, skrifstofustjóri heilbrigðisvísindasviðs og Árun Kristín Sigurðardóttir, forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskólans á Akureyri. Meðal gagna málsins er bréf þar sem þær svöruðu fyrirspurn lögmans stefnanda. Svörin eru unnin úr lykiltölum skólans sem birtar eru á heimasíðu hans. Vitnin staðfestu fyrir dómi, það sem segir í bréfinu, að af þeim nemendum sem standist samkeppnispróf til þess að komast inn í hjúkrunarfræðideildina ljúki 89% nemenda námi eftir 5 ár og 96% nemenda ljúki námi eftir 6 ár frá því að þeir hófu nám í hjúkrun. Tekið er fram að það sé afar sjaldgæft að nemendur í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri hætti námi eftir að hafa þreytt og náð samkeppnisprófi. Jafnframt segir í bréfinu að 90% líkur séu á að sá sem hafi lokið 126 einingum af 240 í því fagi ljúki náminu.

Í framburði Ingibjargar kom auk þess fram að deildin fylgdist mjög vel með framvindu náms sérhvers nemanda þar sem hver og einn væri dýrmætur. Deildin

gerði allt sem hægt væri til þess að nemendur hættu ekki námi. Á síðastliðnum fjórum árum hefði einungis einn nemandi hætt námi í hjúkrun við skólann. Hefði ástæða þess hvorki verið námið né skólinn heldur sérstakar persónulegar aðstæður þessa nemanda.

Stefnandi hafði lokið 126 einingum af 240 á slysdegi, 20. júlí 2011. Hún lauk námi sínu og hefur starfað við hjúkrun frá námslokum.

Að mati dómsins er ekki hægt að fallast á það með stefnda að það eitt, hversu hátt hlutfall eininga af heildarfjölda námseininga tjónþoli hafði lagt að baki á slysdegi, eigi að ráða mati á því hvort námslok hans séu fyrirsjáanleg eða ekki. Að mati dómsins verður ekki litið fram hjá gögnum sem staðfesta að hafi nemandi staðist samkeppnispróf til þess að hefja nám í hjúkrun við Háskólann á Akureyri og hafi lokið 126 einingum af 240 séu 90% líkur fyrir því að hann ljúki námi. Þegar svo litlar líkur eru til þess að nemandi hverfi frá námi þrátt fyrir að einungis tveimur árum af fjórum sé lokið verður ekki annað ályktað en að yfirgnæfandi líkur séu á því að hann muni ljúka námi og námslok séu því fyrirsjáanleg. Í ljósi þessara gagna telur dómurinn að námslok stefnanda hafi verið fyrirsjáanleg á slysdegi.

Stefnandi lauk námi á tilsettum tíma, fékk leyfi Landlæknisembættisins, 2. júlí 2013, til þess að starfa sem hjúkrunarfræðingur og hefur unnið við hjúkrun frá þeim tíma. Hún hafði því þegar á slysdegi valið sér framtíðarstarf og þykir því engan veginn fært að leggja árslauð samkvæmt 3. mgr. 7. gr. til grundvallar við ákvörðun bóta hennar.

Stefndi byggði upphaflega dómkröfu sína á launatöflu Útgarðs, félags háskólamanna, sem gildi frá 1. mars 2012. Við aðalmeðferð málsins lækkaði stefnandi fjárkröfu sína og byggði endanlega dómkröfu á launatöflu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem gildi frá 1. mars 2012. Í töflunni eru níu þrep, númeruð frá 0-8, og 18 flokkar. Stefnandi miðar við laun í 4. þrepi og 9. flokki og nefnir miðgildi. Þessi tafla hafði ekki tekið gildi þegar sá dagur rann til viðar að heilsufar stefnanda væri orðið stöðugt, 20. janúar 2012. Meðal fram lagðra gagna er einnig launatafla Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, sem gildi frá 1. júní 2011 og ekki verður annað séð en hún hafi einnig gilt 20. janúar 2012. Mánaðarlaun í 4. þrepi hennar 9. flokki nema 400.677 krónum.

Stefndi taldi að ekki væri byggjandi á þessum launatöflum þar sem á þeim væri ekki nein lögformleg staðfesting þess efnis að þær væru réttar. Enda þótt fallist sé á það með stefnda að vandaðra hefði verið að fá staðfestingu stéttarfélags stefnanda eða viðsemjanda félagsins á því að þessar töflur væru réttar, verður þessum skjölum ekki hafnað sem sönnunargögnum þar sem þau sýna að þau eru prentuð af heimasíðu Fjársýslu ríkisins. Ganga verður út frá því að opinberar stofnanir birti ekki rangar upplýsingar nema fyrir algera slysni. Af þeim sökum þykir ekki þurfa að vefengja efni þessara launataflna.

Að mati dómsins verður að líta svo á að stefnandi hafi, þegar í janúar 2012, ákveðið sitt framtíðarstarf. Þar sem stefnandi er félagsmaður í félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eins og framlögð gögn sýna, þykir eðlilegt og sanngjarnt að miða við launatöflu þess félags.

Á heimasíðu fjármálaráðuneytisins eru birt meðallaun starfsmanna ríkisins í hverjum mánuði ársins og birtast þessi gögn með um það bil fimm mánaða töf. Samkvæmt þessum upplýsingum voru meðaldagvinnulaun kvenhjúkrunarfræðinga í janúar 2012 366.561 króna en með yfirvinnulaunum, vaktaálagi, og öðrum launum námu heildarlaun kvenhjúkrunarfræðinga að meðaltali 491.152 krónum í janúar 2012.

Því þykir síst ósanngjarnt að miða framtíðartekjur stefnanda við miðgildi dagvinnulauna í þeirri launatöflu sem gildi þegar heilsufar stefnanda var orðið stöðugt. Með því að ganga út frá miðgildi er alfarið horft fram hjá yfirvinnulaunum, yfirvinnuálagi, stórhátíðarlaunum, vaktaálagi og bakvaktaálagi sem vænta má að sé nú þegar og verði hluti af launum stefnanda í framtíðinni.

Dóminum reiknast til að bætur stefnanda, samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaða bótagala nr. 50/1993, sbr. lög nr. 37/1999, nemi 5.848.258 krónum á grundvelli svo fellds útreiknings:

Mánaðarlaun skv. töflu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga sem gildi frá 1. júní 2011, 4. þrepi og 9. flokki.	400.677 kr.
Árslaun (12 mán. x 400.677 kr.)	4.808.124 kr.
Framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð (8% af árslaunum)	384.650 kr.
Samtals árslaun og framlag til lífeyrissjóðs	<u>5.192.774 kr.</u>
Árslaun skv. 2. mgr. 7. gr. margfölduð með stuðli skv. 6. gr. (16,089)	83.546.540 kr.
Árslaun margfölduð með stuðli skv. 6. gr. og örorkustigi (7%)	5.848.258 kr.

Stefndi greiddi stefnanda 668.080 krónur fyrir varanlegan miska og 37.035 krónur í vexti frá tjónsdegi til uppgjörsdags. Með málsaðilum er ekki ágreiningur um þá greiðslu. Fyrir varanlega örorku greiddi stefndi stefnanda 3.126.977 krónur

og 101.006 krónur í vexti frá tjónsdegi til greiðsludags. Þá samanlögðu fjárhæð, höfuðstólinn og vextina, 3.227.983 krónur, ber að draga frá fjárkröfu stefnanda.

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi byggt upphaflega fjárkröfu sína á því að hún ætti rétt til launa samkvæmt launatöflu Útgarðs, félags háskólamanna, en hafi nú fallið frá því viðmiði og vilji byggja fjárkröfu sína á launatöflu Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu beri skaðabótakröfur dráttarvexti, skv. 1. mgr. 6. gr. laganna, að liðnum mánuði frá þeim degi er kröfuhafi sannanlega lagði fram þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta. Þar sem stefnandi hafi ekki lagt fram fullnægjandi gögn fyrir fjárkröfu sinni fyrir en við aðalmeðferð geti hún ekki krafist dráttarvaxta fyrir en frá dómsuppsögudegi.

Þær launatöflur sem stefnandi hefur miðað við, hvort heldur er launatafla Útgarðs, félags háskólamanna, eða Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, eru birtar á heimasíðu Fjársýslunnar. Jafnframt eru niðurstöður rannsókna á meðallaunum starfsmanna ríkisins, langlíklegasta vinnuveitanda stefnanda, birtar á heimasíðu fjár málaráðuneytisins. Þessar upplýsingar eru öllum aðgengilegar og hefði stefndi getað flett þeim upp hefði hann kært sig um.

Sú matsgerð, sem báðir aðilar leggja til grundvallar í málinu, lá fyrir 8. september 2012. Þá lá tjónsatvikið fyrir og umfang tjóns stefnanda. Þegar matinu var lokið hafði stefnandi hafið sitt síðasta námsár í hjúkrun og gengu matsmenn út frá því að starfsvettvangur hennar yrði í því fagi. Það gerði stefnandi einnig. Ríkið var langlíklegasti vinnuveitandi stefnanda og allar upplýsingar um meðallaun hjúkrunarfræðinga hjá þeim vinnuveitanda voru öllum aðgengilegar. Stefndi krafði stefnda um greiðslu, 13. september 2012, á þeim grundvelli að í framtíðinni þægi hún greiðslur sem hjúkrunarfræðingur samkvæmt launatöflu Útgarðs. Að mati dómsins lágu þá fyrir allar þær forsendur sem stefndi þurfti, í skilningi 9. gr. laga nr. 38/2001, til þess að taka afstöðu til þess hvort fjárkrafa stefnanda væri of há. Af þessum sökum þykir rétt að fjárkrafa stefnanda beri dráttarvexti frá 13. október 2012 en þá var liðinn mánuður frá því að stefnandi krafði stefnda um bætur.

Þar sem fallist hefur verið á fjárkröfu stefnanda að mestu leyti verður, með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað. Þegar litið er til umfangs málsins þykir málflytningsspóknun, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, hæfilega ákveðin 903.600 krónur.

Stefnanda var með bréfi innanríkisráðuneytisins, 31. maí 2013, veitt gjafsókn til þess að höfða þetta mál og reka fyrir héraðsdómi. Af þeim sökum verður stefndi dæmdur til þess að greiða ofangreinda fjárhæð í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflytningsspóknun lögmanns hennar, greiðist úr ríkissjóði.

Ingiríður Lúðvíksdóttir, settur héraðsdómari, kveður upp þennan dóm.

D Ó M s o r ð

Stefndi, Tryggingamiðstöðin ehf., greiði stefnanda, Anítu Rut Guðjónsdóttur, 5.848.258 krónur með 4,5% vöxtum, samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 20. janúar 2012 til 13. október 2012 en með dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni greiðslu stefnda, 8. október 2012, að fjárhæð 3.227.983 krónur.

Stefndi greiði stefnanda 903.600 krónur í málskostnað sem renni til ríkissjóðs.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Bergrúnar Elínar Benediktsdóttur, 903.600 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ingiríður Lúðvíksdóttir

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur 10. febrúar 2015